| Umsagnaraðili | Umsögn | Viðbrögð |
|---|---|---|
| Veðurstofa Íslands<br><br>3. Júlí 2023 | Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytingar þessar. | Þarfnaðist ekki viðbragða. |
| Umhverfisstofnun<br>1. september 2023 | **Fólkvangur**<br>Umhverfisstofnun bendir á að fólkvangur Neskaupsstaðar var friðlýstur árið 1972, sbr. augl. nr. 333 í B-deild Stjórnartíðinda. Markmiðið friðlýsingarinnar er að vernda náttúruminjar svæðisins í eins ósnortinni mynd og kostur er. Fólkvangurinn er kjörinn til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu enda landslagið tignarlegt, lífríkið auðugt og jarðmyndanir fjölbreyttar.<br>Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þar sem áður var lækjarfarvegur verður gert ráð fyrir ofanvatnsrás og þar af leiðandi hefur sú framkvæmt neikvæð áhrif á Stóralæk sem er á mörkum Fólkvangsins.<br>Umhverfisstofnun bendir á mörk fólkvangsins 1 og að friðlýsingarskilmálarnir fyrir fólkvanginn eru knappir en strangir en af þeim leiðir að einungis umferð gangandi er heimil, þ.e. svo lengi sem gangandi fólk veldur ekki gróðurskerðingu eða ónæði fyrir dýralífið innan svæðisins. Það er með öllu óheimilt að raska föstum bergmyndunum á svæðinu og öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil. Eins er öll umferð vélknúinna ökutækja stranglega bönnuð. Þær framkvæmdir sem heimilt er að fara í skv. skilmálunum eru þær að [náttúrunefnd Neskaupstaðar] má laga þær gönguleiðir sem þörf er á svo fólk komist leiða sinna innan fólkvangsins.2<br>Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulagið verður að taka tillit til og mið af friðlýsingunni. Ef þetta þykja nauðsynlegar framkvæmdir þá er hægt að sækja um undanþágu frá friðlýsingarskilmálunum, sbr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sótt er um undanþágu í gegnum þjónustugátt Umhverfisstofnunar (Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum) á www.ust.is.<br><br>**Framkvæmdin**<br>Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort farvegur undir brú á Stóralæk anni öllu vatni sem þarna getur verið í leysingum og votviðri og hvort unnt sé | Umsögn á meira við breytingu á deiliskipulagi fólkvangsins og þarfnast því ekki viðbragða af hálfu sveitarfélagsins hvað varðar nýtt deiliskipulag fyrir Nes- og Bakkagil. |

| | | |
|---|---|---|
| | að miðla einhverju af vatninu í Drangagil vestan við mannvirkin ef einhver hætta sé á því að vatnselgur geti orðið of mikill fyrir mannvirki við Stóralæk. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið. | |
| Minjastofnun Íslands<br>14. september 2023 | Fornleifaskráningarnar frá 1994 og 2015 uppfylla ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands, en þar vantar uppmælingar fornleifa. Árið 2021 voru VG Fornleifarannsóknir fengnar til að ljúka við uppmælingu minja sem skráðar voru í skýrslu árið 2015. Þar með liggja fyrir fullnægjandi skráningargögn á þekktum minjum innan svæðisins.<br>Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri og það er óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.<br><br>Tvær fornleifar eru skráðar sem skipulagið kann að hafa áhrif á og þær mótvægisaðgerðir sem stofnunin telur þörf á:<br>• Sundlaug (1744-002 / 60:1 / SM-85c:008) er innan skipulagssvæðisins og í stórhættu. Hún er staðsett ofan við bæinn nálægt Hjallaskógi í lækjarfarvegi. Talið er að byrjað hafi verið á sundlauginni árið 1912 en svo hafi verið lokið við hana árið 1920. *Minjastofnun fer fram á að jarðvegur sé fjarlægður ofan af sundlauginni með varúð og hún mæld upp. Kanna þarf einnig gerð hennar.*<br>• Beitarhús (1744-001 / 61:1) virðist vera rétt fyrir utan deiliskipulagssvæðið til austurs og um 6m utan við Stóralæk. *Taka þarf fullt til fornleifanna og girða þarf þær af á meðan á framkvæmdum stendur, bæði við aðkomuveg og meðan að framkvæmdir eru í gangi við varnargarðanna.*<br><br>Við yfirferð málsins kom í ljós óþekkt tóft sem hafði ekki verið skráð áður.<br>• **Tóft (1744-004)** er staðsett vestan við Bakkalæk. Um er að ræða litla tóft en af loftmynd frá miðri síðustu öld að dæma hefur þar staðið lítið hús eða kofi. *Minjastofnun telur að grafa þurfi könnunarskurð til að kanna hlutverk tóftarinnar og aldur og til að athuga hvort undir henni leynist leifar* | Gerð var breyting á kaflanum um fornleifar þar sem kaflinn var uppfærður m.t.t. umsagnar og skráðar minjar færðar inn á skipulagsuppdrátt. Umfjöllun um fornleifar var einnig breytt í umhverfismatsskýrslu sem og mótvægisaðgerðum bætt við í kafla 5.9. |

| | | |
|---|---|---|
| | *eldri mannvirkja. Niðurstöður slíkrar rannsóknar gætu leitt til þess að ráðast þurfi í frekari rannsóknir á staðnum.*<br><br>Skráningu fornleifa er lokið innan skipulagssvæðisins. Innan skipulagssvæðisins standa vinnubúðir sem reistar voru í tengslum við framkvæmdir í Urðarbotnum. Ekki er talin þörf á frekari skráningu húsa og mannvirkja innan skipulagssvæðisins.<br><br>Fornleifar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og því leggur Minjastofnun Íslands til mótvægisaðgerða. Eins og kemur fram hér að ofan þarf að vinna rannsókn á sundlaug (1744-002) og tóft (1744-004) áður en framkvæmdir hefjast. Slíkar rannsóknir þurfa að vinnast af hæfum fornleifafræðingi í samráði við Minjastofnunar Íslands. Merking beitarhús (1744-001) á vettvangi á framkvæmdartíma telst fullnægjandi mótvægisaðgerð.<br><br>Uppfæra þarf kafla 5.1 um fornleifar. Þar er verið að vísa í fornleifaskráningu frá 2015 en síðan þá hefur sú skráning verið uppfærð og fornleifar uppmældar. Sundlaug (1744-002 / 60:1 / SM-85c:008) telst til fornleifa.<br>Einnig þarf að gera grein fyrir nýrri tóft (1744-004) í greinargerð.<br>Uppfæra þarf einnig umhverfismat fornleifa en fornleifar munu koma til með að raskast vegna þessara framkvæmda og eru því umhverfisáhrif framkvæmdanna neikvæð á þær.<br>Færa þarf uppmælingu sundlaugar auk tóftar inn á deiliskipulagsuppdrátt en um er að ræða fornleifar sem þar þarf að gera grein fyrir. | |